KPMG

# Súðavíkurhreppur

## Mat á hagrænum ávinningi vegna kalkþörungaverksmiðju í Súðavík

**Samantekt**

4. október 2017

# Yfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Inngangur | 3 |
| Samantekt | 4 |
| Reynslutölur af rekstri kalkþörungaverksmiðju | 5 |
| Mat á fjölda beinna og óbeinna starfa | 6 |
| Mat á þróun íbúafjölda | 7 |
| Mat á beinum sköttum og öðrum tekjum | 8 |



**Tengiliðir KPMG**

**Magnús Erlendsson**
Ráðgjafarsvið
*Partner*
*KPMG, Ísland*
*merlendsson@kpmg.is*

**Gunnar Tryggvason**
Ráðgjafarsvið
*Senior Manager*
*KPMG, Ísland*
*gtryggvason@kpmg.is*

**Guðmundur Pálsson**
Ráðgjafarsvið
*Manager*
*KPMG, Ísland*
*gpalsson@kpmg.is*



Fyrirvari
KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.
Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum sveitarfélaganna eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.


KPMG © 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

# Inngangur

## Inngangur

Íslenska Kalkþörungafélagið ehf. sem á og rekur kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal hefur í hyggju að byggja samskonar, en stærri verksmiðju í Súðavík. Mun sú verksmiðja nýta kalkþörunganámur í Ísafjarðardjúpi. Nýlega var birt frummatsskýrsla fyrir slíka nýtingu og þar kemur fram að efnisnám af hafsbotni geti numið allt að 120.000 m$^3$ á ári.

Súðavíkurhreppur hefur áhuga á að vita hvaða efnahagsleg áhrif slík starfsemi gæti haft á sveitafélagið. Í því skyni óskaði hreppurinn eftir því að KPMG tæki saman upplýsingar um núverandi starfsemi á Bíldudal og heimfærði þær upp á mögulega vinnslu í Súðavík.

**Nánar tiltekið er hlutverk KPMG að :**

- Yfirfara frummatsskýrslu um efnisnám kalkþörungasets í Ísafjarðardjúpi.
- Yfirfara reynslutölum af rekstri kalkþörungaverksmiðju frá Ískalk.
- Mat á fjölda beinna og óbeinna starfa vegna reksturs á 120.000 tonna verksmiðju í Súðavík og áhrif á þróun á fólksfjölda á atvinnusvæðinu.
- Mat á beinum sköttum og öðrum tekjum sem Súðavíkurhreppur getur haft af 120.000 tonna kalkþörungaverksmiðju.
- Mat á útsvarstekjum sem að renna til atvinnusvæðisins vegna nýrra starfa sem myndast.

Þessi atvinnugrein þ.e.a.s. nám og vinnsla kalkþörunga af hafsbotni er stunduð á örfáum stöðum í heiminum. Af þeim sökum er lítið til af opinberum upplýsingum um umfang hennar og áhrif. Því er farin sú leið hér að byggja þetta mat fyrst og fremst á rauntölum af rekstri kalkþörungavinnslunnar á Bíldudal svo og frummatsskýrslu frá VSÓ frá ágúst 2017.

KPMG

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

# Samantekt

Að gefnum þeim forsendum sem greint er frá í þessari kynningu er það mat skýrsluhöfunda að líklegur hagrænn ávinningur við 120 þús. tonna kalkþörungaverksmiðju í Súðavík verði með þeim hætti sem talið er upp í töflunni hér að neðan.

Nokkurrar óvissu gætir með helstu forsendur slíks mats og er hér farin sú leið að birta niðurstöður grunnsviðsmynda án þess að tiltaka óvissubil.

| Samantekt | |
|---|---|
| Reynslutölur af rekstri kalkþörunga-verksmiðju | • Velta á síðasta ári nam alls 6,1 m.EUR hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. og jókst um 200 þús.EUR frá árinu áður. Ef tekið er tillit til ársreikninga þessara ára og þær stærðir uppreiknaðar m.v. framleiðslu á 120 þús. tonnum þá er má áætla veltu sem nemur um 14,4 m.EUR á ári. |
| Mat á fjölda beinna og óbeinna starfa og þróun íbúafjölda | • Fjöldi beinna nýrra starfa nær hámarki í um 30 manns sjö árum eftir að útflutningur hefst.<br>• Fjöldi óbeinna starfa sem verða til á svæðinu verði um 12 á sama tíma.<br>• Íbúar með afkomu vegna kalkþörungaverksmiðju verði um 90 á sama tíma. |
| Mat á beinum sköttum og öðrum tekjum | • Árlegar greiðslur til ríkissjóðs geta numið um 65 m.kr. og um 89 m.kr. til sveitarfélaga þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.<br>• Árlegar greiðslur til lífeyrissjóða nema um 36 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til. |
| Skattar og opinber gjöld sem renna til atvinnusvæðisins | • Árlegar greiðslur til sveitarfélaga á atvinnusvæðinu geta numið um 89 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.<br>• Árlegar greiðslur til Súðavíkurhrepps vegna hafnargjalda og annarra gjalda geta numið um 56 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til. |


© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

# Reynslutölur af rekstri kalkþörungaverksmiðju

## Rekstur

Áætluð stærð verksmiðjunnar er 6 þús. $m^2$ sem byggð verður á 30 þús. $m^2$ lóð. Verksmiðja á Bíldudal er 4,6 þús. $m^2$ og áætlað er að stækka hana um 1,5 þús. $m^2$ á næsta ári. Lóðin er alls 28,5 þús. $m^2$ að stærð. Því er gert ráð fyrir að verksmiðjuhúsið og lóð í Súðavík verði lítið eitt stærri á Bíldudal.

Útflutningur verksmiðjunnar á Bíldudal hefur að jafnaði verið um 46 þús. tonn á ári s.l. fimm ár (ef eingöngu er m.v. þurrkað efni). Áætlað er að verksmiðjan í Súðavík geti flutt út um 120 þús. tonn á ári, eða 2,4x meira.

Taflan til hliðar sýnir helstu tölur úr ársreikningi Íslenska Kalkþörungafélagsins fyrir árin 2015-2016. Velta á síðasta nam alls 6,1 m.EUR og jókst um 200 þús.EUR frá árinu áður. Ef tekið er tillit til ársreikninga þessara ára og þær stærðir uppreiknaðar m.v. framleiðslu á 120 þús. tonnum þá má áætla veltu sem nemur um 14,4 m.EUR.

Afkoma fyrir fjármagnsliði nam 260 þús. EUR á árinu 2016 og hækkaði úr 67 þús. EUR árið áður. Ef tekið er tillit til ársreikninga þessara ára og þær stærðir uppreiknaðar m.v. vinnslu á 120 þús. tonnum þá má áætla afkomu fyrir fjármagnsliði sem nemur um 244 þús.EUR.

Sjá má niðurstöðuna í síðasta dálknum í töflunni. Árið 2016 var tíunda vinnsluár verksmiðjunnar á Bíldudal.

## Útflutningur

Gert er ráð fyrir sama uppbyggingartíma verksmiðju í Súðavík og þeirri sem var byggð á Bíldudal eða um 2 ár. Útflutningur í verksmiðjunni er 2,4x meiri í Súðavík en á Bíldudal er gert ráð fyrir það taki jafnlangan tíma að ná hámarksútflutningi og í verksmiðjunni á Bíldudal, sem tók sjö ár að ná 50 þús. tonna útflutningi, vegna fyrri reynslu með rekstur á verksmiðju á Bíldudal.

**Yfirlit yfir ársreikninga Ískalk og uppreikningur fyrir nýja verksmiðju**

| | Bíldudalur | | Súðavík* |
|---|---|---|---|
| | 2015 | 2016 | 2016 |
| Tekjur | 5.948 | 6.143 | 14.446 |
| Kostnaðarverð seldra vara | -3.056 | -2.631 | -6.810 |
| Launakostnaður | -1.119 | -1.315 | -2.907 |
| Stjórnunarkostnaður | -260 | -324 | -698 |
| Önnur rekstrargjöld | -556 | -583 | -1.362 |
| Afskrift | -891 | -1.030 | -2.425 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | 67 | 260 | 244 |

*Tölur í þús. EUR*
**Uppreiknuð staða út frá ársreikningum Íslenska Kalkþörungafélagsins ehf.*

Heimild: Ársreikningur Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.

**Möguleg þróun útflutnings í Súðavík**




Heimild: Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.

KPMG © 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

# Mat á fjölda beinna og óbeinna starfa

## Störf

Samkvæmt ársreikning Íslenska kalkþörungafélagsins voru starfsmenn í árslok 2016 alls 23 og var útflutningur rétt rúmlega 50 þús. tonn.

Áætlaður heildarútflutningur (þurrkað efni og sandur, en aðallega sandur í fyrstu) á fyrsta ári verði um 60 þús. tonn og áætlað er að fjöldi starfsmanna verði um 10 en fjöldi óbeinna starfa um 14.

Við mat á óbeinum/afleiddum áhrifum var stuðst við tölur frá annarri sjávartengdri auðlindagrein í Noregi og Írlandi. Notaður var stuðullinn 2,59 (frá Noregi) í upphafi sem lækkar síðan í stuðulinn 1,41 (frá Írlandi), því allar líkur eru á að ruðningsáhrifa fari að gæta þegar atvinnugreinin vex með þeim hraða sem hér er spáð.

- Hlutfall beinna og óbeinna áhrifa er 2,59 í Noregi og er þar ekki tekið eins mikið tillit til mögulegra ruðningsáhrifa sem starfsemin getur haft í för með sér.
- Sambærilegur stuðull er 1,41 á Írlandi enda er tekið frekara tillit til áætlaðra ruðningsáhrifa þar.

Gert er ráð fyrir að nokkur hagræðing náist í greininni þegar nær dregur hámarksútflutning og því verða ekki jafnmargir starfsmenn á hver 1 þús. tonn og við upphaf útflutnings.

Fjöldi starfa (bein og óbein) eru áætluð mest á sjöunda ári eftir að útflutningur hefst. Við hámarksútflutning er talið að bein störf verða um 30, og óbein störf eru áætluð um 12 ársverk til viðbótar í kringum verksmiðjureksturinn. Því eru það samtals 42 störf sem áætlað er að skapist í Súðavík eða nærliggjandi svæðum. Ofangreind áhrif koma því ekki að fullu fram í hreppnum.

**Áætlun um fjölda beinna og óbeinna starfa vegna kalkþörungarverksmiðju**




Heimild: Ársreikningur Íslenska Kalkþörungafélagið ehf. og skýrsla VSÓ

## Störf á byggingartíma

Á byggingartíma verksmiðjunnar er gert ráð fyrir um 7 beinum störfum í verksmiðjunni en um 11 óbeinum tímabundnum störfum. Því er áætlað að störfum fjölgi um allt að 18 á byggingartíma verksmiðjunnar.

KPMG
© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

# Mat á þróun íbúafjölda

## Íbúafjöldi

Við mat á áhrifum þessarar mögulegu atvinnuuppbyggingar á íbúaþróun er í meginatriðum stuðst við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands, umfjöllun Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, og mat á áhrifum álvers Alcoa á Reyðarfirði.

— Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um hagræn áhrif af laxeldisuppbyggingu á Vestfjörðum er gert ráð fyrir að með hverjum starfsmanni fylgi að jafnaði um 2,4 íbúar að meðaltali (bæði makar og börn).

— Í skýrslu Nýsis um mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaráls í Reyðarfirði, er gert ráð fyrir að hverjum starfsmanni fylgi að jafnaði um 2,0 íbúar (bæði makar og börn).

— Skv. nýjustu vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands var vinnuafl landsins um 203 þús. manns og fjöldi starfandi voru 199 þús. Mannfjöldi eftir fyrstu 3 mánuði ársins 2017 voru um 340 þús. Ársverk eru því rúmlega 50% af íbúafjölda.

Mat á áhrifum uppbyggingar 120 þús. tonna kalkþörungaverksmiðju í Súðavík má sjá á myndinni hér til hliðar. Þegar áhrifanna gætir sem mest búa um 90 fleiri á atvinnusvæðinu en ella.

Þar sem verksmiðjan verður staðsett í Súðavík sem er í norðurjaðri Súðavíkurhrepps nær atvinnusvæði hennar að líkindum út fyrir hreppinn. Því eru líkur á því að umrædd störf verði að einhverju leiti sinnt af íbúum Ísafjarðarbæjar eða öðrum sveitafélögum og ofangreind íbúaáhrif komi því ekki að fullu fram í hreppnum.

**Íbúar með afkomu vegna kalkþörungaverksmiðju**




Heimild: Ársreikningur Íslenska Kalkþörungafélagið ehf. og skýrsla VSÓ


© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

# Mat á beinum sköttum og öðrum tekjum

## Skattaleg áhrif fyrir ríkissjóð og sveitarfélög

Skattaspor er aðferðafræði sem greinir framlag viðkomandi starfssemi til samfélagsins í formi skattgreiðslna. Skattaspor fyrirtækis nær til helstu skattgreiðslna til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vegna starfsemi fyrirtækis sem það þarf að standa skil á.

Áætlaðar árlegar heildargreiðslur nema um 190 m.kr. þegar framleiðsla er í hámarki og tekið tillit til þegar flest bein störf verða til og skipast greiðslur þannig á milli opinberra aðila:

— Áætlaðar árlegar greiðslur til ríkissjóðs um 65 m.kr.

— Áætlaðar árlegar greiðslur til sveitarfélaga um 89 m.kr.

— Áætlaðar árlegar greiðslur til lífeyrissjóða um 36 m.kr.

## Mat á útsvarstekjum sem að renna til atvinnusvæðisins

Árlegar greiðslur til Súðavíkurhrepps eru um 56 m.kr. í formi hafnargjalda og annarra opinberra gjalda. Útsvarstekjur skiptast milli sveitarfélaga eftir því hvar starfsmenn búa, en þær nema um 33 m.kr. Árlegar heildargreiðslur til atvinnusvæðisins geta því numið um 89 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.

Áætlaðar útsvarstekjur vegna framleiðslu kalkþörunga eru um 33 m.kr. á ári þegar vinnsla er í hámarki og starfsmenn eru um 30 talsins. Þessar tekjur munu dreifast í Súðavík og nærliggjandi sveitarfélög, þar sem starfsmenn munu að öllum líkindum búa í mismunandi sveitarfélögum.

**Helstu forsendur og fjárhæðir í skattspori**

| | Forsenda | m.kr | Aths. |
|---|---|---|---|
| Tekjuskattur | Áætlað | 16 | Tekur mið af afkomu síðasta árs hjá Íslenska kalkþörungafélaginu |
| Staðgreiðsla | 22,46% | 33 | Skatthlutfall í staðgreiðslu er alls 36,94% |
| Útsvar sveitarfélags | 14,48% | 33 | Núverandi útsvarsprósenta Súðavíkurhrepps |
| Tryggingargjald | 6,85% | 16 | Skv. núverandi gjaldi |
| Lífeyrissjóður | 4% og 11,5% | 36 | Eigið framlag 4% og mótframlag launagreiðanda 11,5% |
| Hafnargjald | 3 USD | 40 | Áætlun um 3 USD á hvert útflutt tonn auk skipagjalds |
| Opinber gjöld | Áætlað | 16 | Gjaldskrá Súðarvíkurhrepps |
| **Samtals** | | **190** | |

Heimild: RSK, gjaldskrá Súðavíkurhrepps, Íslenska kalkþörungafélagið

**Áætlaðar greiðslur til hins opinbera og lífeyrissjóða - skipting**




Heimild: RSK, gjaldskrá Súðavíkurhrepps, Íslenska kalkþörungafélagið

KPMG

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

KPMG

kpmg.com/socialmedia

Download on the App Store

kpmg.com/app

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.